

Handknattleikssamband Íslands  
Guðmundur B. Ólafsson, formaður  
Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 19. janúar 2014

Í leikhléi útsendingar frá leik Íslands og Austurríkis á EM í handknattleik karla 2014 lét stjórnandi EM stofu særandi og óviðeigandi ummæli falla. Fyrir hönd Ríkisútvarpsins vil ég fullvissa HSÍ um að þetta atvik er litið mjög alvarlegum augum og gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana.

Ég vil fyrir hönd Ríkisútvarpsins biðja leikmenn og Handknattleikssambandið afsökunar. Við vonumst til að þetta atvik varpi ekki skugga á farsælt samstarf okkar í framtíðinni.

Hér fyrir neðan má sjá opinbera yfirlýsingu sem Björn Bragi Arnarsson og Kristín H. Hálfánardóttir sendu frá sér af þessu tilefni í gærkvöldi.

Bestu kveðjur,



Bjarni Guðmundsson,  
útvarpsstjóri

**YFIRLÝSING** – „Afsökunarbeiðni vegna ummæla sem féllu í EM stofu þann 18.1.2014 Björn Bragi Arnarsson, umsjónarmaður EM stofunnar, lét afar ósmekkleig ummæli falla í hálfleik í leik Íslands og Austurríkis í kvöld. Björn Bragi hefur beðist afsökunar og af viðbrögðum hans og samtölum við hann er ljóst að sú afsökunarbeiðni var einlæg og hann gerir sér fulla grein fyrir alvarleika málsins. Okkur þykir afar miður að þetta skuli hafa gerst og viljum við fyrir hönd íþróttadeildar RÚV biðjast afsökunar á þessu atviki. Meðfylgjandi er linkur á myndbrotið þar sem Björn Bragi biðst afsökunar. Vefmiðlum er frjálst að birta það.  
<http://www.ruv.is/frett/bidjast-afsokunar-a-osmekklegum-ummaelum>

Fyrir hönd íþróttadeildar RÚV,

Kristín H. Hálfánardóttir, íþróttastjóri RÚV  
Björn Bragi Arnarsson, umsjónarmaður EM stofu“